

Fundargerð:

Fundur var haldinn í starfshópnum „AUSTFIRZK EINING“ föstudaginn 18. feb. kl. 13:00. Fundarstaður: Fundarsalur bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Páll Baldursson, Jens Garðar Helgason, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Stefán Bogi Sveinsson, Ólafur Hr. Sigurðsson, Jakob Sigurðsson (í fjarveru Jóns Þórðarsonar. Bárður Jónasson boðaði forföll og mætti ekki annar fulltrúi Vopnafjarðarhrepps í hans stað. Auk þess sat fundinn frkvstj. SSA, Bj. Hafþór Guðmundsson, sem ritaði fundargerð.

Form. hópsins, Ólafur Hr. Sigurðsson, setti fund og stýrði honum. Hann tilkynnti að liður 4 yrði fyrst tekinn á dagskrá, en hann er færður í fundargerðinni í samræmi við boðaða dagskrá.

Dagskrá:

1. Áherzlupunktur í vinnuferlinu.
Fyrir fundinum lágu „stiklusteinar“ / ýmsir áherzlupunktur til að skoða í vinnuferlinu við verkefnið, sbr. umfjöllun á 1. fundi hópsins, 6. jan. 2011. (sjá niðurlag fundargerðarinnar).
2. Möguleg fjármögnun verkefna.
Frkvstj. rifjaði upp ýmsar staðreyndir málsins. Fyrir liggur að enn er eftir fjármagn af þeim 4 millj., sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga styrkti verkefnið „Austurland eitt sveitarfélag“ um og jafnframt að talsmenn Jöfnunarsjóðsins eru búnir að staðfesta, að það, sem eftir er / var af heildarfjárhæð upphaflegs styrks úr sjóðnum, verður áfram til staðar í hið nýja verkefni, „Austfirzk eining“.
3. Aðferðafræðin.
Undir þessum dagskrárlið og lið nr. 5 fóru fram ítarlegar umræður um aðferðafræðina, hlutverk hópsins og núnings- og samstarfsfleti milli sveitarfélaganna á starfssvæði SSA.

M.a. var rætt um

- nauðsyn þess að verkefnið yrði unnið opið og til staðar „nánd“ við íbúana,
- að fyrir yrðu að liggja á ákveðnum stigum máls hugmyndir um stjórnsýslu og staðsetningu þjónustustöðva,
- hugað yrði að samlegð og skörun verkefna, m.a. þeirra, sem sveitarfélögin eru nú þátttakendur í t.d. í gegnum stoðstofnanir í fjórðungnum,
- sveitarstjórnir yrðu, í ljósi þess að víða er verið að skera niður í rekstri, að geta útskýrt og réttlætt þátttöku í samstarfsverkefnum,
- að horfa yrði „ofan á verkefnið“, marka stefnu og vinna í samræmi við hana,
- að skilgreina, hvar hinir sameiginlegu hagsmunir liggja,
- að hugsa í stærra samhengi með það í huga að skapa öflugan samstarfsvettvang,
- að ekki yrði hjá því komizt að leggjast yfir samgöngumál og atvinnumál.

4. Gagnaöflun með því að nýta austfirzkar stofnun.
Ólafur Áki Ragnarsson, starfsm. Þróunarfélagsins (ÞFA), sat fundinn undir þessum lið.
Fyrir liggur ákv. framkvæmdaráðs SSA að höfðu samráði við form. AE o.fl. úr hópnum að leita til ÞFA um að vinna skýrslu sambærilega og „Vestfjarðaskýrsluna“. Tilboð ÞFA hljóðar upp á 1 millj. króna m/v að skýrslu yrði skilað um páskana. Var einróma stuðningur innan hópsins við ákvörðun framkvæmdaráðsins, enda var hún tekin að höfðu samráði við formann vinnuhópsins um AE á grundvelli þess að til staðar er fjármagn í slíkt verkefni. Ólafur Áki mun leiða vinnuna f.h. ÞFA.
Ákveðið var einróma að velja tveggja manna hóp úr AE til að mynda e.k. „ritstjórn“ með starfsm. ÞFA. Til starfans völdust Ólafur Hr. Sigurðsson og Gunnþórunn Ingólfssdóttir.
Undir lok þessa liðar voru lögð fram ýmis gögn frá skrifstofu SSA úr fyrri vinnu, en auk þess er til staðar í forum ÞFA verulegt magn upplýsinga úr fyrra verkefninu.
(Hér vék ÓÁR af fundinum).
5. Möguleg tenging við verkefnið „SSA og stoðstofnanir“ og jafnvel Sóknaráætlun 20 20.
BHG mun koma á framfæri við hópinn fjárhagslegum upplýsingum, sem unnar hafa verið upp úr ársreikningum þeirra stofnana, sem koma að verkefninu um AST (Austfirzkar stoðstofnanir).
6. Tímasetning næsta fundar.
Ákveðið var að halda næsta fund föstud. 11. marz kl. 13:00 í húsnaði Eskju á Eskifirði.
Á þeim fundi verði lagzt betur yfir hugmyndir um fleiri samstarfsverkefni, t.d. varðandi sameinginlega byggingastofnun, eina barnaverndarnefnd, tengingar milli grunnskóla- og framhaldsskólanáms
7. Önnur mál.
Önnur mál engin.

Fleira ekki fyrir tekið. ÓHS sleit fundi kl. 15:15.

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.

(Sjá lið 1): ÝMSIR ÁHERZLUPUNKTAR FRÁ FYRRI VINNU / FYRSTA FUNDI

Skilgreind verkefni starfshópsins „Austfirsk eining“:

Starfshópurinn vinni að því að greina möguleika á frekara samstarfi allra sveitarfélaga á svæðinu um einstök verkefni.

Starfshópurinn skoði möguleika á verkefnatilflutningi frá ríki til sveitarfélaga með það í huga að sveitarfélögin á Austurlandi leysi þau í sameiningu.

Starfshópurinn haldi áfram vinnu við að greina kosti og galla sameiningar Austurlands í eitt sveitarfélag.

Vegna sérstöðu verkefnisins og væntinga sem við það eru bundnar þarf að vanda mjög vel allan undirbúning og aðgerðaráætlun þarf að vera skýr og raunhæf. Verkefnið fái framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga ,sem tilraunaverkefni.

Ath. með tengingar inn í 20/20 Sóknaráætlun landshluta.

Möguleg tenging við verkefnið „SSA og stoðstofnanir“.

Skilgreina brýnustu hagsmunamál fjórðungsins (t.d. samgöngumál, atvinnumál og að herra hlutfall skatttekna renni til verkefna hér eystra en nú væri.

Æskilega tímasetning lokamarkmiðs er 2014 og að jafnvel þarf að taka tvo áfanga á leiðinni. Starfshópurinn á að skila tillögum sínum til aðalfundar SSA sept. 2010. Sp. hvort vinna eigi með tillögurnar og útfæra 2011-2012 ??

Máli skiptir jákvæð aðkoma ríkisvaldsins að stefnumörkun t.d um opinberar framkvæmdir, verkaskiptingu og annan stuðning við verkefnið er lykilatriði.

Sett verði skýr markmið og ákveðið á hvern veg menn ættu að koma þeim á framfæri og tryggja úrvinnslu þeirra.

Nýta skýran vilja hjá stjórnvöldum að styrkja landshlutasamtök sveitarfélaga.

Kynna verkefnið vel í öllum sveitarstjórnnum (t.d. með sérstökum fundum í aðdraganda sumarkomu)

Horft yrði jafnt til allra þeirra þriggja þátta, sem kveðið er á um í samþykktinni.

Svæðið í heild ræði mgl. á að koma sér saman um heildstætt verkefni (t.d. með því að skipa eina sameiginlega barnaverndarnefnd – Þyrfti þó að ræðast á vettvangi félagsþjónustunnar fyrst)..

„Kortleggja“ verkefni og aðferðafræði og jafnframt að byggja á eldri sameiginlegum verkefnum.

Líta til svonefndrar Vesturlandsskýrslu og láta vinna sambærilega skýrslu fyrir svæðið okkar með hugmyndum um útfærslur. Þær yrðu síðan sendar inn í sveitarstjórnirnar og menn sæktu sér þangað umboð til að vinna áfram að framgangi mála.

Nálgast málið með nýrri hugsun. Þrýsta m.a. á að svæðið fengi aukin völd heim í hérað og samhliða auknar skatttekjur.

Stuðla að því að menn virki út á við sem sterk eining. Marka sér stefnu og fylgja henni, en ekki lúta geðþóttaákvörðunum eða stefnum, sem færu og kæmu oft með nýjum ráðherrum.

Vinna með það að atvinnumálin skipti mestu og nauðsynlegt sé að ná aukinni þjónustu inn á svæðið.

Hafa í huga, að ekki sé líklegt að um verði að ræða fjölgun starfa t.d. í landbúnaði og sjávarútvegi frá því sem nú er.

Temja sér að hugsa samt þannig að menn séu ekki endilega í vondum félagsskap í sínu fámenni eða einveru, þar sem ekki verður allt fengið með fjöldanum.

Möguleg fjármögnun utan sjóða SSA lægi helzt í frekari aðkomu Jöfnunarsjóðsins.

(Tekið saman eftir minnispunktum og úr fundargerð 1. fundar um verkefnið AE, sem haldinn var 6. jan. 2011).

Djúpavogi feb. 2011;

Bj. Hafþór Guðmundsson,
(sign.)